

## **27. Frumvarp**

til laga um skrásetning skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

### 1. gr.

Til þess að skip geti með skrásetning hjer í ríkinu öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti  $\frac{2}{3}$  hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjellagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins hjer.

### 2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hjer í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu hafðar skipaskrár. Á aðalskrá skal

færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskirteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, ef um er spurt. Skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hjer að framan um þjóðernis- og skrásetningarskirteini, en fá að eins mælingarskirteini; þó skal hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofa annast um, að þau fái þjóðernisskirteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert islenskt skip má hafa annan fána en hinn islenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

### 3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettó-smálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann í aftari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhversstaðar annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkent sem skrásett islenskt skip.

### 4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sinu heyra undir dómsmálaráðuneytið (sbr. 28. gr.). Í Reykjavík skal sett á stofn aðal-skrásetningarskrifstofa. Forstjóra hennar skipar konungur, og skal hann hafa 4000 kr. að byrjunarlaunum, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 5500 kr. Á skrifstofunni skal vera 1 fastur skrifari með 1600 kr. í byrjunarlaun, er hækki eftir 3, 6 og 9 ár um 200 kr. í hvert sinn upp í 2400 kr. Kostnaður allur við skrifstofuna greiðist úr rikissjóði. Skipaskrár þær, sem getur um í 2. gr., skulu haldnar á skrifstofunni, og þar skulu og gefin út þjóðernis- og skrásetningarskirteini, þjóðernisskirteini og mælingarskirteini, sem um er rætt í 2., 13. og 21. gr. Fjármáladeildin ákveður, hvernig framangreind skirteini skuli útbúin, hverjar bækur aðrar en skipaskrárnar skuli haldnar á skrifstofunni og hvernig alt fyrirkomulag skrifstofunnar að öðru leyti skuli vera.

### 5. gr.

Ríkinu er skift í lögskráningarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi lögskráningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í lögskráningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjerhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitid heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess og alt af skulu kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálestir og ekki undir 12 smál., sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir islenskum fána, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr. og haldin er í Reykjavík, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smíðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögum þess og aðalmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru. — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðaladsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera álitid íslenskt skip, eða að það sje komid undir annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

9. gr.

Eigandi skips skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sje það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmis síns, þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í. — Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með: 1) skipasmíðisskrifteinið, og hafi orðið eigandaskifti síðan skipið var bygt, þá enn fremur heimildarbrjef þess eða þeirra, er vilja láta skrásetja það sem sína eign. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og eftirriti, og verður eftirritið kyrt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar; 2) skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sjeu þesskonar menn, sem heimilt sje að eiga skip, er hefir íslenskan fána, samkvæmt 1. gr., eða ef skipið er eign hlutafjelags, þá skriflega yfirlýsing, einnig upp á æru og trú, frá stjórn fjelagsins um, að skilmálum, sem settir eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslenskt skip, sje fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningarskrifteinið skuli ekki vera vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eign útlendra þegna sömu kjör og íslensk skip hafa. — Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningarembættismanns eða að sjá um, að hún sje staðfest af nótaríus. — Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sje heimilt að eiga skip, sem hefir íslenskan fána, þá verður hann að

sanna það með skirteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima. — Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilriki þau, sem hjer eru heimtuð, ef komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt svo að nægi.

#### 10. gr.

Þegar búið er á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, í skjal, sem gert er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Reykjavík. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilriki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur skrifstofan krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða annast mælinguna sjálf, ef henni þykir ástæða til þess. Skrifstofan getur og krafist nýrri og frekari upplýsinga um þau atriði snertandi skrásetninguna, sem óljós eru. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkennt íslenskt, og önnur nauðsynleg skilriki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt skilrikjum þeim, er fyrir liggja. Neiti lögskráningarskrifstofan, þar sem skipið á heima, að lögskrá skipið, þá getur eigandinn eða eigendur krafist þess, að hún sendi aðallögskráningarskrifstofunni í Reykjavík rökstudda neitun sína ásamt með lögskráningarskjölunum. Fallist aðallögskráningarskrifstofan ekki á neitunina, endursendir hún skrifstofunni skjölin með fyrirskipun um að framkvæma nauðsynlegar lögskráningarráðstafanir, en að öðrum kosti getur eigandinn eða eigendurnir krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Sama gildir jafnan ef aðallögskráningarskrifstofan neitar að lögskrá skip. Neiti aðallögskráningarskrifstofan að gefa út leiðarbrjef eða bráðabirgðaskirteini samkv. 21. gr. eða láta nýtt skirteini fyrir eldra skirteini, getur eigandi eða eigendur skipa skotið ágreiningnum til fjármáladeildarinnar, sem úrskurðar það mál endanlega.

#### 11. gr.

Þegar skrásetningin er búin, gefur aðalskrásetningarskrifstofan út þjóðernis- og skrásetningarskirteini; skal það lagað eftir formála þeim, sem í hvert skifti gildir fyrir íslensk skip, og mælingarskirteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í skránni samkv. 7. gr. Skirteinið skal (ásamt skilrikjum þeim, sem send hafa verið) send skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, hið bráðasta, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), og leiðrjetta nettó-smálestatalið o. fl., ef rangt er, og skal hlutaðeigandi skipi síðan skilað skirteininu, þá er búið er að rita nafn skipstjóra á það og upplýsingar um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskirteinið, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilriki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í hinu síðarnefnda umdæmi.

#### 12. gr.

Skirteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða

islenskum verslunarfulltrúa eða þeim, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins. Það er bannað, að neitt sje ritað á skirteinið eða neinu breytt í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af islenskum verslunarfulltrúa eða þeim, sem fara með slíkt starf vegna ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

### 13. gr.

Skip, sem er smíðað erlendis á kostnað einhvers þess, sem samkv. 1. gr. fullnægir skilyrðunum fyrir að vera eigandi islensks skips, eða er komið í íslenska eign, getur ekki orðið skrásett fyrir en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi. — Þó skal íslensku verslunarfulltrúunum, eða þeim, sem fara með þetta starf vegna ríkisins, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim þau skilríki, sem um er rætt í 9. gr., 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskirteini, þangað til skipið verður skrásett fyrir fult og alt. Þjóðernisskirteini til bráðabirgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda: 1) nafn skipsins, og hverskonar skip það sje; 2) hve nær og hvar skipið sje keypt, og nafn hins íslenska eða hinna íslensku eigenda þess samkvæmt kaupbrjefinu eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og fengist geta eftir atvikum um smálestatal þess, lögun og lýsingu á því; 5) hversu lengi skirteinið sje gilt. Undir eins og verslunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernisskirteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Reykjavík. Slíkt bráðabirgða-þjóðernisskirteini er samt ekki lengur gilt en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á íslenska höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár frá því að það er gefið út, ef aðallögskráningarskrifstofan í Reykjavík veitir ekki sjerstaklega leyfi til þess. — Skipstjórinn á skrásettu íslensku skipi, sem smíðað er upp aftur erlendis, getur krafist af næsta íslenskum verslunarfulltrúa, eða þeim, sem fara með slíkt starf vegna ríkisins, að hann láti sig fá skirteini, er veiti sjer heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sje breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskirteini. Ekki getur slíkt skirteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sjerstaklega.

### 14. gr.

Á sjerhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera ritað aftan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku lettri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku lettri með ljósleitum undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt lettra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa skal bæði að framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess

eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forðast, að fjandmennirnir taki það. — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskirteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

#### 15. gr.

Sje þess farið á leit við aðalskrásetningarskrifstofuna í Reykjavík, má hún í staðinn fyrir áður útgefið þjóðernis- og skrásetningarskirteini láta koma nýtt skirteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skirteini aftur. — Hafi þjóðernis- og skrásetningarskirteini skrásetts skips glatast, má aðalskrásetningarskrifstofan í Reykjavík láta úti nýtt skirteini, ef þess er farið á leit við hana. — Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skirteini er gefið út, án þess að skipið um leið sje mælt um, skal ekki gjalda neitt fyrir það. — Týnist þjóðernis- og skrásetningarskirteinið erlendis, getur næsti islenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, gefið út þjóðernisskirteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sje gefið út. Þegar svo er, á sá, sem hiður um skirteinið, að gefa skýrslu um, hvernig það atvikaðist, að skirteinið týndist.

#### 16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningarskirteininu aftur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aftur. — Hafi skipið farist erlendis, skal islenskum verslunarfulltrúa, eða þeim, sem fara með slíkt starf vegna ríkisins, skýrt frá því, eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skirteininu. — Verslunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

#### 17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, á sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan væri fullgerð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skirteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska verslunarfulltrúanum, eða þeim, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, frá henni og skila honum skirteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á hann að senda aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn islenskur verslunarfulltrúi er, eða nokkur, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, verður sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, að útvega sönnun, staðfesta af nótariusi, um söluna, og senda aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík skilríki þessi ásamt skirteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, á rjettarþjónn sá, sem hefir látið söluna fara

fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti islenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, að sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

#### 18. gr.

Verði nokkur breyting á eignarrjettinum yfir skipinu, sem þó ekki snertir rjett þess að hafa islenskan fána, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., þá ber eigandanum, og sje annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigandaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skirteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skirteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti islenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, rita á skirteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskirteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatal þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skirteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sje skrásett af nýju og fái nýtt skirteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti islenskur verslunarfulltrúi, eða sá, sem fer með slíkt starf vegna ríkisins, rita á skirteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (sbr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

#### 19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á. Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningarskirteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skirteini verði gefið út.

#### 20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá á aðalskrásetningarskrifstofunni í Reykjavík eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteinum þeim og mælingarskirteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

#### 21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima hjer í ríkinu, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur aðalskrásetningarskrifstofan í Reykjavík, ef þess er farið á leit, leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi innan tjeðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningarskirteinið.

Enn fremur getur skrásetningarskrifstofan, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskirteini til siglinga til útlanda, þegar skrásetningarskjöl skipsins hafa borist henni, en eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið strax fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, svo að skipið þarf að fara erlendis án tafar. Í bráðabirgðaskirteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru undir 13. gr. 1—5. Skirteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær hjer greint bráðabirgðaskirteini, skal nettó-smálestatala og skrásetningarstafirnir markaðir á það samkvæmt 3. gr.

#### 22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að svikja út skrásetning á skipi, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 2 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettósmálestatali skipsins, ef slik athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggj við henni.

#### 23. gr.

Ef það sannast, þegar búið er að gefa út og skila þjóðernis- og skrásetningarskirteini, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 4 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögnum. — Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skirteinið sje ógilt, og skal það gert upptækt undir eins og verður.

#### 24. gr.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 50 kr. Láti maður fyrir farast að skýra frá þessu og það er gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskirteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 4 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

#### 25. gr.

Láti maður fyrir farast að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskirteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skirteinið — ef skipið er enn til — sje ógilt.



26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 20 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögnum og í samhljóðan við þau.

27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn, og sjeu þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafjelög eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem alment lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektar allar renna í rikissjóð.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1914, um breytingu á þeim lögum, um leið numin úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna sambandslaganna er breyting á gildandi skrásetningarlögum óþjákvæmileg. Endanleg skrásetning skipa fór áður fram á skrásetningar- og mælingarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, en um leið og Ísland er viðurkent fullvalda ríki og má þar af leiðandi ekki hafa annan fána en sinn eigin, liggur það í hlutarins eðli, að endanleg skrásetning verður að fara fram á Íslandi. Í þessu frumvarpi er ákveðið, að skrásetningin skuli heyra undir þá deild stjórnarráðsins, sem tollmálin heyra undir, fjármáladeildina, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sinu heyra undir dómsmálaráðuneytið. Gert er ráð fyrir, að í Reykjavík sje sett á stofn sjerstök skrásetningarskrifstofa, er hefir aðalfrumkvæmdir á skrásetningunni. Aðrar breytingar en þær allra nauðsynlegustu hafa ekki verið gerðar á skrásetningarlögnum, enda gert ráð fyrir, að skrásetningars-tjórinn verði látinn fara utan til að afla sjer nauðsynlegrar sjerþekkingar, og ætti þá skrifstofan að geta orðið til aðstoðar við undirbúning skrásetningarlaga, en nú sem stendur er lítil vól á sjerþekkingu í þessu efni. Það liggur í hlutarins eðli, að þar sem í skrásetningarlögnum frá 13. des. 1895 er talað um danskt

flagg, kemur nú íslenskur fáni, og eins liggur það í hlutarins eðli, að bugtakið íslenskt skip er nú ákveðið í samræmi við ríkisviðurkenninguna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, er hjer greinir:

#### Um 1. gr.

Til þess að skip með skrásetningu geti öðlast rjett til að hafa íslenskan fána verða  $\frac{2}{3}$  hlutar skipsins að vera eign hjer búsettra manna, er hafa haft heimilisfestu hjer í 1 ár. Í nógildandi lögum eru skilyrðin annaðhvort innborinna manna rjettur eða búseta. Hjer er farin sú leið að gera ekki innborinna rjettinn að skilyrði, en hins vegar er búsetan í þrengsta skilningi ekki látin nægja, en þess krafist, að hlutaðeigandi hafi haft eins árs heimilisfestu. Með því er girt fyrir það, að erlendar þjóðir undir sjerstökum kringumstæðum í bili komi allmiklu af flota sínum undir íslenskan fána, en af því gætu að sjálfsgöðu leitt óþægindi gegn öðrum þjóðum. Í sjálfu sjer mætti í þessu sambandi gera búsetu í þrengri skilningi að eins að skilyrði fyrir ríkisborgarana eða þá, sem með samningi hafa sama rjett, en krefjast lengri heimilisfestu fyrir aðra, en sú leið, sem hjer er farin, virðist einföldust. Að því er hlutafjelög snertir verða allir stjórnarnefndarmennirnir að fullnægja framangreindum skilyrðum um búsetu og heimilisfestu, en hluthöfunum eru ekki sett nein sjerstök skilyrði, öðrum en þeim, sem kynnu að vera í stjórninni. Aftur er almenna heimildin fyrir stjórnarráðið í 1. gr. siglingalaganna, til þess að veita stjórnendum hlutafjelaga undanþágu frá ofanefndum skilyrðum, ekki tekin hjer upp.

#### Um 2. gr.

Aðalbreytingarnar stafa af ríkisviðurkenningunni. Hjer er, með tilvísun til tveggja konungsúrskurða um íslenska fánann, íslenskum skipum bannað að hafa annan fána en íslenska þjóðfánann. Gert er ráð fyrir, að ákveðið verði með sjerstökum konungsúrskurði, hver skip megi hafa pósthánann og hver kloffna fánann hreinan.

#### Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til sjerstakra athugasemda.

#### Um 4. gr.

Skrásetning á skipum mun ekki vera í eins góðu lagi og æskilegt væri, en hins vegar mjög þýðingarmikið, að sem best skipulag komist á skrásetninguna og hún geti gengið fljótt og greiðlega. Fyrir þessu verður best sjeð með því að fela sjerstakri skrifstofu starfið. Að visu mætti telja mjög æskilegt að komast hjá því að stofna nýtt embætti í þessu skyni, en þó skrifstofan væri ekki sett á stofn, en starfið látið vera í stjórnarráðinu, þá yrði að fela það sjerstökum manni þar, og yrði auðvitað einnig því samfara kostnaður. En auk þess er lögskráningin með öllu óskyld þeim störfum, sem eðlilega heyra undir stjórnarráðið, og enn er það fyrirsjáanlegt, að skipastóll vor mun vaxa ár frá ári og starfið verða stöðugt umfangsmeira. Ekki væri heldur í sjálfu sjer óeðlilegt, að skrifstofunni yrði falið ýmislegt eftirlit með skipum þegar tími líður fram. Mæling skipa er gert ráð fyrir að lögskráningarstjórnir framkvæmi hver í sínu umdæmi, eins og hingað til hefir verið, en þó getur lögskráningarskrifstofan, ef sjerstök ástæða

er til, mælt upp eða látið mæla skip upp, og er að sjálfsgöðu gengið út frá, að lögskráningarstjóri sje mælingarfróður og geti leiðbeint í því efni. Að sjálfsgöðu verður tilskipunin handa Íslandi um skipamælingar frá 25. júní 1869 endurskoðuð eins fljótt og því verður við komið. Rjett þykir að ákveða með reglugerð altánara fyrirkomulag skrifstofunnar, hvaða bækur skuli færðar þar o. s. frv.

Um 5.—9. gr.

Ekki sjerstakar ástæður til athugasemda. Hjer eru að mestu tekin upp samskonar ákvæði skrásetningarlaganna frá 13. des. 1895, með þeim breytingum, sem leiða af ríkisviðurkenningunni og af því, að endanleg skrásetning er flutt heim.

Um 10. gr.

Bráðabirgðalögskráning sú, sem fór fram hjer á landi vegna þess, að endanlega skrásetningin var í Kaupmannahöfn, er að sjálfsgöðu feld hjer í burtu.

Það verður að telja þýðingarmikið að geta fengið skip lögskráð, og er því svo ákveðið í þessari grein, að ef aðallögskráningarskrifstofan neitar skipi um lögskráningu, þá skuli hún rökstyðja úrskurð sinn um synjunina skriflega, en sá, sem fyrir neituninni verður, má skjóta úrskurðinum til dómstólanna. Með því er öruggust trygging fyrir, að enginn missi rjettar síns í þessu efni. Aftur þykir sjálf-sagt að skjóta synjunarúrskurði skrifstofunnar um að gefa út bráðabirgðaskir-teini þau, er ræðir um í greininni, undir úrskurð stjórnarráðsins, þar sem dóm-stólaleiðin mundi hjer of umsvifamikil, en atriði þau, sem á að úrskurða um, þarfnast skjótra úrslita.

Um 11.—29. gr.

Hjer er að efninu til að mestu leyti fylgt skrásetningarlögnum frá 13. des. 1895, en breytingar þær, sem gerðar hafa verið, svo augljósar, að þær þurfa ekki skýringa.

Um 29. gr.

Bráðabirgðalög um skrásetningu skipa, sem gefin voru út 30. nóv. 1918, er ætlast til að gildi til 1. jan. 1920 eða þangað til þessi lög koma í gildi.